



507. fundur Þingvallanefndar

27. september 2023 kl 12:00

Nefndarsvið Alþingis – Austurstræti 8-10.

Mættir: Vilhjálmur Árnason, Andrés Ingi Jónsson, Tómas Tómasson og Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, Birgir Þórarinsson varamaður Berglindar Óskar Guðmundsdóttur og Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir varamaður Orra Páls Jóhannssonar. Oddný Harðardóttir boðaði forföll.

Auk þeirra sat fundinn Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð. Einar Á.E Sæmundsen þjóðgarðsvörður var fjarverandi.

Formaður setur fund og stýrir.

Formaður Þingvallanefndar nefnir í upphafi fundar að óskað hafi verið eftir við forseta Alþingis að nýta fundaraðstöðu Alþingis fyrir fundi Þingvallanefndar eftir að samningur um skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti rann út.

Dagskrá:

1. Forkaupsréttur á Efristíg 12.

Lagt fram erindi er varðar forkaupsrétt á sumarhúsi að Efristíg 12. Formaður fer yfir helstu málsatriði. Lagt til að falla frá forkaupsrétti og heimila framsal lóðaleiguréttinda og eru nefndarmenn allir sammála.

Bókun: Fallið frá forkaupsrétti og heimilað lóðaframsal að Efristíg 12.

2. Umræða um frumvarp umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um sameiningu stofnana þ.m.t þjóðgarðinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.

Frumvarpið er komið í samráðsgátt. Formaður hefur umræður og tekur fram tvær ástæður að halda núverandi kerfi fyrir Þingvelli:

Rekstrar og tekjugrunnur þjóðgarðsins er mjög góður og er með lítilli yfirbyggingu sem einfaldar aðgerðir, styttir boðleiðir og hefur haft jákvæð áhrif á rekstur og framkvæmdir innan þjóðgarðsins. Það endurspeglast meðal annars í mjög góðri mönnun á Þingvöllum í samanburði við önnur ásetin náttúruverndarsvæði. Það er engin ástæða til að breyta því sem vel gengur.

Tengsl Þingvalla við Alþingi. Þjóðgarðurinn hefur frá stofnun árið 1930 verið í forsætisráðuneytinu til ársins 2017 en var fluttur þá yfir í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Mikilvægt að halda tengslum Alþingis við Þingvalla með Þingvallanefnd og umboði hennar. Umræður um stöðu Þingvalla í nýjum tillögum. Þingvallanefnd samþykkir að senda inn umsögn Þingvallanefndar þar sem gert verði grein fyrir sérstöðu Þingvalla.

3. Erindi frá forsætisráðuneyti vegna 80 ára afmælis lýðveldisins á næsta ári.

Lagt fram erindi frá forsætisráðuneytinu með ósk um tilnefningu í nefnd sem gera skal tillögur um hvernig minnst megi 80 ára afmæli lýðveldisins næsta ári.

Umræða og hugmyndir ræddar fram dagskrár atriði og verkefni sem megi tengja við afmælisárið t.d. skólaferðasjóð til að bjóða nemendum í skólaheimsóknir til Þingvalla.

Formaður leggur til að Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður verði aðalmaður og Jóna Kolbrún Sigurjónsdóttir verkefnastjóri verði varamaður sem var samþykkt samhljóða.

Fundi slitið